

Svar við skriflegri fyrirspurn sem lögð var fram í bæjarráði 12.2.2015.

1502216 - Innheimtumál, fyrirspurn

Lögð fram skrifleg fyrirspurn bæjarráðsfulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna.

Af gefnu tilefni, með vísan til 28. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 28/2011, leggja fulltrúar Samfylkingar og VG fram eftirfarandi skriflega fyrirspurn um framkvæmd innheimtumála hjá Hafnarfjarðarbæ.

1. Hversu oft á sl. 12 mánuðum hefur barni verið úthýst af leikskólum Hafnarfjarðarbæjar vegna vangreiddra leikskólagjalda?
2. Á hvaða aldri voru þau börn sem hefur verið úthýst af leikskólum Hafnarfjarðarbæjar vegna vangreiddra leikskólagjalda sl. 12 mánuði?
3. Hversu lengi að meðaltali hafa þau börn verið utan leikskóla að meðaltali sem hefur verið úthýst vegna vangreiddra leikskólagjalda og hversu lengi hefur sá tími verið að hámarki?
4. Eftir hvaða verklagsreglum er farið þegar þessu innheimtuúrræði er beitt svo m.a. sé tryggt að ekki sé farið harðar fram við innheimtu en réttlætunlegt er með hliðsjón af hagsmunum barns?

Ekki er óskað upplýsinga sem talist geta viðkvæmar persónuupplýsingar eða fallið geta undir ákvæði laga um persónuvernd og meðferð trúnaðarupplýsinga nr. 77/2000.

Óskað er skriflegs svars á næsta fundi bæjarráðs.

Leitað var álits Kristjáns Þorbergssonar hrl. m.t.t. þess hvaða upplýsingar gætu komið fram í svarinu sbr. fyrirvara þann sem kemur fram í fyrirspurninni um að ekki sé óskað upplýsinga sem talist geta viðkvæmar persónuupplýsingar eða fallið geta undir ákvæði laga um persónuvernd og meðferð trúnaðarupplýsinga nr. 77/2000.

Í tölvupósti frá honum dags. 10/3 2015 (kl. 10:21) segir: „Ég vísa til beiðni þinnar um álit á því hvort óhætt sé að gefa út drög þau að svari sem rituð eru neðan við fyrirspurnir viðhengisins vegna ákvæða persónuverndarlaga.

Jú ég er þeirrar skoðunar að það sé í lagi og jafnframt megi gefa frekari upplýsingar en fram koma, en í drögum er ekki öllum spurningum svarað. Ég legg til umorðun tveggja málsliða auk viðbóta“. Þegar lögmaðurinn vísar til draganna er átt við það svar sem lagt var fram á fundi bæjarráðs þann 26/2 2015.

Hér á eftir fer svarið með þeirri umorðun sem lögmaðurinn leggur til og eru breytingarnar skálettaðar:

Á síðasta ári voru fjögur tilvik þar sem þar sem leikskólapláss var afturkallað vegna vanskila. Um var að ræða pláss fyrir tvö fjögurra og tvö fimm ára börn. Á undanförunum árum hefur yfirleitt aðeins verið um örfáa daga að ræða eða 2-4, en í einstaka tilvikum hefur tíminn þó verið lengri. Á síðasta ári komu upp tvö tilvik þar sem um svo stutt tímabil var að ræða, en tvö lengri eða að 15 vikum. Þau vörðuðu mjög sérstakar aðstæður eins og t.a.m. dvöl erlendis.

Í samningi sem foreldrar gera um leikskólagjöld kemur fram að þegar tveir mánuðir eru gjaldfallnir sé leikskólavist sagt upp og í framhaldinu verði skuldin send í innheimtu til lögfræðings. Framkvæmdin hefur hins vegar verið sú að samningnum er ekki sagt upp fyrr en vanskil eru að nálgast þrjá mánuði. Uppsagnarbréf eru send út ca. 24. til 28. hvers mánaðar. Þá er listi sendur til Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar til yfirferðar. Í uppsagnarbréfi er tekið fram að frestur til að ganga frá málinu sé til 15. næsta mánaðar en hann er í raun lengri því leikskólaplássið er ekki afturkallað fyrr en fyrsta dag þar næsta mánaðar. Fyrirkomulagið hefur verið með þessum hætti í a.m.k. 10 ár.